

Miðvikudaginn 14. desember 1966.

Nr. 91/1966. **Loftleiðir h/f** (Barði Friðriksson hdl.)

gegn

Elíasi Hannessyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Flugfarmbréf. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1966. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Skilmálar flutningsskírteinisins eru raktir í héraðsdómi. Samkvæmt 9. lið þeirra bar áfrýjanda að afhenda vöruna þeim viðtakanda, sem skráður var framan á skírteinið, en það var Mr. Hurbeck, starfsmaður fyrirtækisins Clairol í New York. Tekið var skýrt fram í skírteininu, að vöruna mætti ekki afhenda viðtakanda nema gegn framvísun frumskírteinis nr. 2. Áfrýjandi fól fyrirtækinu Icelandic Airlines, Inc., í New York að sjá um afhendingu vörunnar. Hann bar eftir sem áður ábyrgð á efndum flutningssamningsins. Starfsmönnum þessa fyrirtækis urðu á þau mistök við afhendingu vörunnar að krefjast eigi frumskírteinis nr. 2. Þar sem um mistök starfsmanna, sem áfrýjandi bar ábyrgð á, var að tefla, gildir hér eigi sú takmörkun á bótaábyrgð, sem greind er í 22. gr., 2. a, fylgiskjals með lögum nr. 41/1949, sbr. XIII. gr. fylgiskjals með lögum nr. 46/1956. Varan, sem var óvefengt 101 ljósmynd, var afhent fyrirtækinu Clairol í New York hinn 22. desember 1962. Voru allar myndirnar í vörzlum fyrirtækisins, þar til áfrýjandi hófst handa um endurheimtu þeirra. Hinn 13. ágúst 1963 sendi áfrýjandi stefnda 56 myndanna, en stefndi neitaði að veita þeim viðtöku. Áfrýjandi lagði þær þá fram á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 19. desember 1963. Síðan lagði hann fram 44 myndanna á

bæjarþingi 10. nóvember 1964. Matsgerð sú, sem lögð hefur verið fram í málinu, er byggð á skoðun matsmanna á þessum 100 myndum. Ein mynd hefur ekki komið fram. Virðist hún enn vera í vörzlum fyrirtækisins Clairol í New York. Þykir því eigi verða fullyrt, að fyrirtæki þetta, sem hafði allar myndirnar í vörzlum sínum í marga mánuði, margar á annað ár og eina e. t. v. enn, hafi eigi hagnýtt sér þær að meira eða minna leyti, enda bar fyrirtækið aldrei fram kvörtun um gæði myndanna, sbr. 51., 52. og 54. gr. laga nr. 39/1922. Verðmæti myndanna var skráð á flutningsskírteinið kr. 50.000.00. Að svo vöxnu máli verður ekki talið, að áfrýjandi hafi fært sönnur á það, að stefndi hafi ekkert tjón beðið eða það verið minna en stefndi gerir kröfur til.

Samkvæmt því, er nú var rakið, þykir bera að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Loftleiðir h/f, greiði stefnda, Elíasi Hannessyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. apríl 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. þ. m., hefur Elías Hannesson, Flókagötu 45 hér í borg, höfðað með stefnu, útgefinni 16. september 1963, á hendur Loftleiðum h/f til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 42.950.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði stórlækkuð.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum hér fyrir dómi, að í nóvembermánuði 1962 hafi Sigurður nokkur Jónsson spurzt fyrir um það, hvort hann vildi taka að sér myndatöku á tízku-

sýningu, er fram átti að fara í veitingahúsinu Lido, fyrir Heildverzlun Árna Jónssonar vegna hárlitunarfyrirtækisins Clairól í New York. Var óskað eftir, að myndirnar væru litmyndir. Kveður stefnandi Sigurð hafa beðið sig um að hafa samband við starfsstúlku heildverzlunarinnar varðandi framhald málsins. Það kveðst stefnandi hafa gert og þá jafnframt staðfest, að hann gæti tekið að sér verkið. Er stefnandi kom í veitingahúsið Lido, kveðst hann fyrst hafa átt tal við amerískan mann að nafni Hurbeck, sem sér hafi verið vísað til. Kveðst stefnandi hafa spurt mann þennan um tilhögun myndatökunnar. Kveðst hann hafa tekið fram, að betra væri að taka myndirnar í kyrrstöðu en á hreyfingu, ef fram ætti að fá háralit sýningarstúlkanna. Kveður stefnandi Hurbeck hafa óskað eftir því, að hann tæki myndirnar á hreyfingu og eins mikið af þeim og hann gæti. Eftir að tízkusýning var um garð gengin, kveðst stefnandi hafa snúið sér til Hurbeck og spurzt fyrir um, hverja stærð af myndum hann vildi fá. Kveðst stefnandi hafa reiknað með um 60 myndum. Kveður hann Hurbeck hafa svarað: „Ég vil fá eina 18×24 af hverri“. Stefnandi kveðst einnig hafa spurt Árna Jónsson, hvort hann vildi ekki eitt eintak af hverri mynd og hafi hann svarað því játandi. Ekki kveður stefnandi spurt hafa verið um verð, enda að sjálfsögðu reiknað með verði samkvæmt gjaldskrá ljósmyndara, en samkvæmt því sé verð á ljósmynd af stærðinni 18×24 cm. kr. 750.00 fyrir fyrstu mynd, en verð á eftirpöntun af fyrstu mynd kr. 550.00 og ef pantaðar séu þrjár myndir eða fleiri, sé verðið kr. 450.00. Stefnandi kveðst nú eftir nokkurn tíma hafa farið með 101 mynd af fyrstu mynd til Árna Jónssonar og hafi honum litizt vel á sumar þeirra, en aðrar hafi hann ekki talið eins góðar. Einnig kveður hann Árna hafa fundizt reikningurinn nokkuð hár. Kveður stefnandi Árna hafa sagt, að hann gæti ekki greitt þetta fyrr en nokkrum dögum seinna, en þrátt fyrir endurtekin loforð hafi Árni ekki staðið við það. Um miðjan desembermánuð kveðst stefnandi hafa farið á fund Árna til að krefja hann um greiðslu, en þá hafi Árni viljað taka út myndir, sem honum hafi ekki þótt nógu góðar, og hafi hann sagt, að þær ætti fyrirtækið Clairól að greiða. Stefnandi kveðst nú hafa sagt Árna, að hann mundi reyna að senda myndirnar í kröfu til fyrirtækisins Clairól, án þess þó að í þessu fælist, að hann undanþægi Árna greiðsluskyldu. Stefnandi sendi nú myndirnar með flugvél stefnda til fyrirtækisins Clairól í New York. Samkvæmt flugfarmbréfi, sem stefndi gaf út í þremur tölusettum eintökum í sambandi við flutninginn, tók

hann að sér að flytja sendinguna til New York, og er fyrirtækið Clairol þar skráð viðtakandi vörunnar. Er verðmæti sendingarinnar skráð kr. 50.000.00. Samkvæmt fyrirmælum, sem skráð eru á farmbréfið, skyldi sendingin aðeins afhent gegn framvísun þess eintaks farmbréfsins, sem tölusett var nr. 2. Það eintak farmbréfsins hafði stefnandi sent ásamt innheimtu kröfunnar til banka í New York fyrir milligöngu Landsbanka Íslands. Þrátt fyrir fyrirmæli farmbréfsins var sendingin afhent fyrirtækinu Clairol hinn 22. desember 1962 af afgreiðslu þess í New York, sem fengið hafði sendinguna til afgreiðslu, án þess að eintaki farmbréfsins, sem tölusett var nr. 2, væri framvísað. Samkvæmt upplýsingum banka þess í New York, sem fengið hafði kröfuna til innheimtu, neitaði fyrirtækið Clairol að greiða kröfuna á þeim grundvelli, að hún ætti að greiðast af Árna Jónsyni. Með bréfi, dags. 16. júlí 1963, var stefndi krafinn um verð myndanna, stefnufjárhæðina í máli þessu. Var kröfu þeirri synjað af stefnda. Með bréfi, dags. hinn 13. ágúst 1963, sem birt var stefnanda með stefnuvottum, sendi stefndi stefnanda 56 af myndum þeim, sem verið höfðu í sendingunni. Stefnandi neitaði að veita myndunum viðtöku. Hafa myndir þessar verið lagðar fram í málinu. Undir rekstri málsins hafa auk þess verið lagðar fram 44 af myndum þeim, sem í sendingunni voru.

Vitnið Árni Jónsson stórkaupmaður, umboðsmaður fyrirtækisins Clairol hér á landi, hefur skýrt svo frá, að maður frá fyrirtækinu, Hurbech að nafni, sem hér hafði verið staddur, hafi annazt ráðningu stefnanda til ljósmyndatökunnar, en starfsstúlka við heildsölu vitnisins, sem starfað hafi með manni þessum, hafi talað við stefnanda og beðið hann um að framkvæma myndatökuna. Kveður vitnið, að fyrirtækið Clairol hafi átt að greiða fyrir myndatökuna og myndirnar. Ekki kveðst vitnið minnst þess að hafa átt tal við stefnanda á tízkusýningunni. Eftir að greindur Hurbeck fór af landi, kveður vitnið stefnanda hafa komið til sín með myndirnar og reikning. Kveðst vitnið hafa talið, að allar myndirnar væru ekki eins og þær áttu að vera, þar sem þær hafi allar verið „slöraðar“. Kveðst vitnið hafa borið þetta undir kunnáttumenn og hafi þeir staðfest þetta álit þess. Vitnið kveðst þá hafa viljað skjóta málinu undir álit Ljósmyndarafélag Íslands, en stefnandi hafi ekki viljað fallast á þá málsmeðferð. Vitnið kveður stefnanda þá hafa sagt sér, að hann ætlaði að snúa sér beint til fyrirtækisins Clairol með greiðslukröfu. Kveðst vitnið ekkert hafa haft við það að athuga. Vitnið kveðst

vita, að myndirnar hafi hvorki verið notaðar af fyrirtækinu Clairól né fyrirtæki þess, þ. e. vitnisins. Kveðst vitnið hafa fengið bréf frá Clairól, þegar starfsmenn þess höfðu séð myndirnar, og hafi þar komið fram, að fyrirtækið gæti ekki notað myndirnar.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagður fram reikningur á hendur Heildverzlun Árna Jónssonar, og kemur þar fram verðlagning mynda þeirra, sem í sendingunni voru. Er 51 mynd verðlögð á kr. 22.950.00, eða kr. 450.00 hver mynd, og 50 myndir verðlagðar á kr. 20.000.00, eða kr. 400.00 hver mynd.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að er stefndi hafi tekið að sér flutning umræddra mynda, hafi hann gengið undir þau fyrirmæli, sem skráð voru á farmbréfið, að sendingin skyldi aðeins afhent gegn framvísun þess eintaks farmbréfsins, sem tölusett hafi verið nr. 2. Það eintak hafi viðtakandi sendingarinnar fyrst getað fengið í hendur, er hann hafi verið búinn að greiða andvirði sendingarinnar í banka. Þessi fyrirmæli hafi stefndi rofið, þar sem sendingin hafi verið afhent viðtakanda, án þess að þetta eintak farmbréfsins væri afhent og án þess að krafan væri greidd. Er því haldið fram, að vegna þessara mistaka starfsmanna stefnda, sem viðurkennd séu af stefnda, beri hann ábyrgð á andvirði sendingarinnar gagnvart stefnanda. Er því haldið fram, að svo beri að líta á, að sendingin hafi glatazt alveg, því að fyrirtækið Clairól hafi haft myndirnar í sínum vörzlum í lengri tíma og getað hagnýtt sér þær án þess að greiða nokkuð fyrir, enda hafi myndirnar aðeins gildi fyrir fyrirtækið. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að framlagning myndanna í málinu breyti nokkru um ábyrgð stefnda.

Sýknunarkrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili málsins. Hann hafi tekið að sér flutning umræddrar sendingar frá Reykjavík til New York, en er þangað hafi komið, hafi sendingin ásamt fylgiskjöllum verið afhent amerísku afgreiðslufélagi þar á staðnum, Icelandic Airlines, Inc. Með þessu hafi stefndi innt af hendi skyldu sína gagnvart stefnanda, en hið ameríska afgreiðslufyrirtæki tekið við sendingunni til endanlegrar afgreiðslu og hafi það því frá því borið á henni alla ábyrgð. Er því haldið fram, að af þessum sökum beri stefndi enga ábyrgð á mistökum þeim, sem orðið hafi hjá hinu ameríska félagi með því að afhenda sendinguna, án þess að fullnægt væri fyrirmælum stefnanda. Þá er því haldið fram, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að stefndi beri ábyrgð á mistökum hins ameríska félags, þá sé með öllu ósannað, að stefnandi hafi af þessum sökum orðið fyrir

nokkru tjóni. Myndirnar séu fyrir hendi og hafi verið boðnar stefnanda, en hann hafi synjað viðtöku þeirra. Þá sé ósannað, að fyrirtækið Clairol hafi notað myndirnar, á meðan þær voru í vörzlum þess, enda er því haldið fram, að myndirnar séu svo stórgallaðar frá hendi stefnanda, að þær hafi verið óhæfar til notkunar í auglýsingaskyni. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnda, að krafa stefnanda sé allt of há og fari svo, að stefnda verði gert að greiða stefnanda bætur, þá beri að lækka kröfuna. Er bent á, að myndirnar beri það sjálfar með sér, að þær séu ekki fullgild vara og að þær séu alls ekki 50.000.00 króna virði, eins og gefið sé upp í farmbréfi. Er því haldið fram, að bætur geti aldrei orðið hærri en svo sem ákveðið er í 22. gr. Varsjársamningsins, sbr. lög nr. 41/1949.

Í 1. gr. hinna almennu skilmála flugfarmbréfs þess, sem stefndi gaf út, er hann tók umrædda sendingu til flutnings, segir svo:

„Í samningi þessum merkir orðið „flugfarmskírteini“ skírteini þetta og samning, „sendandi“ merkir mann þann eða persónu (þ. e. félag eða fyrirtæki), sem vörurnar afhendir til flutnings, og orðið „flugfélag“ skal ná til flugfélags þess, er gefur flugfarmskírteini þetta út, svo og til allra flugfélaga, sem vörur flytja í samræmi við það eða inna af hendi önnur störf í sambandi við slíkan loftflutning. Að því er snertir ákvæði þau um undanþágu frá og takmörkun á bótaskyldu, sem sett eru eða vísað er til í samningi þessum, skal orðið „flugfélag“ ná til umboðsmanna, þjóna eða fulltrúa allra slíkra flugfélaga. Annist mörg flugfélög flutning, hvert á fætur öðru, samkvæmt samningi þessum, skoðast slíkur flutningur einn og óskiptur.“

Í flugfarmbréfinu sjálfu er tekið fram, að sendingin skuli aðeins afhent viðtakanda gegn framvísun eintaks þess, er tölusett var nr. 2. Það eintak hafði stefnandi sent með innheimtu á andvirði sendingarinnar til banka í New York, eins og áður er rakið. Var þetta ákvæði flugfarmbréfsins bindandi samningur um þetta efni milli aðilja málsins. Samkvæmt 12. gr., 2. tl., laga nr. 41/1949 bar starfsmönnum Icelandic Airlines, Inc., og stefnda að tilkynna stefnanda þegar í stað, ef ekki var hægt að framkvæma þessi fyrirmæli. Samkvæmt þessu verður að telja, að máli þessu sé réttléga beint gegn stefnda og að stefndi beri ábyrgð á þeim mistökum starfsmanna fyrirtækisins Icelandic Airlines, Inc., sem stefndi hafði afhent sendinguna til afgreiðslu í New York, og innti því af hendi störf í sambandi við flutninginn, er þeir rufu þessi fyrirmæli í flugfarmbréfinu. Þykja ákvæði flugfarmbréfsins eigi

verða skýrð svo, að stefndi hafi undanþegið sig þessari ábyrgð, enda þykir synjun viðtakanda um að greiða kröfu stefnanda eigi verða skýrð svo, að hún leysi stefnda undan ábyrgð þessari skv. ákvæði a liðs 4. gr. hinna almennu skilmála flugfarmbréfsins. Fyrirtækið Clairol tók sendinguna í sínar vörzlur, og var hún síðan í vörzlum þess, þar til er stefndi hófst handa um að endurheimta hana í tveimur áföngum, eins og fram er komið. Verður að líta svo á, að fyrirtækið hafi tileinkað sér myndirnar. Er ekki fram komið, að af hálfu fyrirtækisins hafi á þeim tíma verið kvartað við stefnanda yfir gæðum myndanna og ekki heldur út af því, að myndirnar hefðu ekki allar átt að fara til fyrirtækisins. Af þessum sökum þykir boð stefnanda um afhendingu hluta myndanna og framlagning hans á 100 myndum undir rekstri málsins og mat það, sem hann fékk dómkvadda matsmenn til að framkvæma, ekki geta leyst hann undan ábyrgð hans.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður stefnda gert að greiða stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir við það, að ekki var fylgt fyrirmælum flugfarmbréfsins. Telst tjón stefnanda nema verði myndanna, eins og stefnandi reiknar það, kr. 42.950.00. Þá verður stefnda gert að greiða vexti af þeirri fjárhæð, sem reiknast 7% ársvextir frá 22. desember 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum, Árna Árnasyni kaupmanni og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Loftleiðir h/f, greiði stefnanda, Elíasi Hannessyni, kr. 42.950.00 með 7% ársvöxtum frá 22. desember 1962 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
